



Þitt eigið verkefnasafn

Svona er hægt að gera:

Þú getur búið til þitt eigið verkefnasafn með því að safna saman spurningum og hugmyndum að verkefnum á litla miða. Upplagt er að geyma miðana í krukku sem síðan er hægt að draga viðfangsefni upp úr þegar hentar.

Spurningar og viðfangsefni á miðunum geta verið fjölbreytt og hér fyrir neðan hafa verið settar fram nokkrar hugmyndir sem tengjast NEWTON-bókunum og hafa má sem fyrirmynd.

Spurningamiðar:

- Hvað nefnist trúarlögmál gyðinga?
Svar: Tóra
- Er giraffinn með sjö hálsliði eins og menn?
Svar: Já
- _____ hýstu múmíur faróanna.
Svar: Pýramíðarnir

Leitarspurningar:

- Í hvaða bók er fjallað um könnun Mars?
Svar: Langt út í geim.
- Í hvaða kafla í bókinni *Framtíðin* er fjallað um ferðalög framtíðar?
Svar: Ferðalög á þriðju þúsöld.
- Á hvaða blaðsíðu í bókinni *Náttúran að verki* er fjallað um djúpsjávarkafbáta?
Svar: Bls. 38-39



Teikni- og myndamiðar

- Teiknaðu fleygleturstáknið fyrir fugl eins og það var 1800 f. Kr.
- Hvar finnur þú mynd af vélmenni að skræla epli?
Svar: Á bls. 38-39 í bókinni *Framtíðin*.

Stafamiðar:

- Hvaða orð sem er heiti orkugjafa getur þú búið til úr stöfunum I-O-A-L?
Svar: Olía
- Búðu til mannsnafn úr fyrsta stafnum í orðunum: HEKLA, ÓSON, MÍNÓTAURUS, ETNA og RÓMÚLUS. Hver var þessi maður?
Svar: Hómer. Hann orti ljóð um Trjústríðið.

Ýmis verkefni:

- Skrifðu sögu um það hvað þú myndir gera ef þú sæir risaæðlu úti á götu.
- Búðu til fingrabrúður og hafðu dýrin í *Furðuheimar dýranna* sem fyrirmynd.
- Semdu stutt leikrit fyrir fingrabrúðurnar.
- Taktu upp stuttan útvarpsþátt þar sem aðaláherslan er lögð á að kynna sögu geimferðanna.
- Búðu til fleiri verkefni fyrir verkefnakrúkkuna.

Krukka:

Hægt er að nota hvaða krukku sem er, t.d. gamla krukku undan sultu eða pastasósu. Eins má nota plastbox eða lítinn plastpoka ef engin krukka finnst.



Miðar:

Brjóttu A4 blað í tvennt eftir lengdinni og klipptu það svo í sundur eftir línunni. Leggðu lengjurnar saman og brjóttu þær þrisvar sinnum til helminga. Með því að klippa eftir brotunum færðu 16 miða fyrir spurningarnar og svörin.

Samvinna:

Skemmtilegt er að margir hjálpist að við að útbúa svona verkefnakrúkkuna og noti hana annað hvort fyrir einstaklingsverkefni eða hópverkefni (t.d. spurningaleiki).

Fleiri hugmyndir:

Ef ætlunin er að búa til leik í tengslum við miðana í krukku er hægt að setja óvænta miða ofan í hana. T.d.:

- “Liðið þitt fær 50 auka stig ef allir meðlimir fara í kollhnis.”
- “Stattu upp á stól og syngdu Gamla-Nóa afturábak.”
- “Það lið sem kemst næst því að giska hvað kennarinn/skólastjórinn er hár fær aukaspurningu næst þegar það á að leika.”